

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, o.fl.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gunnar Hall ríkisbókara og Arnar Mátsson frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir bárust frá ríkisbókhaldi og ríkisféhirði.

Frumvarpinu er ætlað að fela ríkisbókhaldi þau verkefni sem ríkisfjárhirsla hefur hingað til haft með höndum, en niðurstaða úttektar fjármálaráðuneytisins á starfsemi ríkisfjárhirslu og ríkisbókhalds er sú að ná megi auknu hagræði með sameiningu verkefna stofnananna. Lagt er til að stofnunin beri heitið Fjársýsla ríkisins.

Nefndin leggur til breytingu á frumvarpinu þess efnis að við upptalningu á verkefnum Fjársýslu ríkisins verði bætt að hún fari jafnframt með innheimtu á skuldabréfum og kröfum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Við 4. efnismgr. 4. gr. Á eftir orðunum „frá innheimtustofnunum ríkisins“ komi: ásamt innheimtu á skuldabréfum og kröfum.

Hjálmar Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. apríl 2002.

Vilhjálmur Egilsson,
form., frsm.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Einar K. Guðfinnsson.

Kristinn H. Gunnarsson.

Össur Skarphéðinsson.

Sigríður A. Þórðardóttir.

Ögmundur Jónasson.

Gunnar Birgisson.